STJÓRNARTÍÐINDI B 37 — 1973

27. desember 1973. 687 Nr. 366.

AUGLÝSING

um að lækka tolla á vörum innfluttum frá aðildarríkjum Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Efnahagsbandalags Evrópu (EBE).

Samkvæmt ákvæðum samnings Íslands um aðild að Fríverslunarsamtökum Evrópu, er tók gildi 1. mars 1970 og ákvæðum viðskiptasamnings Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu, er tók gildi 1. apríl 1973, ber Íslandi að lækka tolla gagnvart meðlimaríkjum EFTA og EBE hinn 1. janúar 1974.

Með skírskotun til ofanritaðs tilkynnir ráðuneytið hér með öllum þeim aðilum, sem hlut eiga að máli, að það hefur ákveðið, samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 1/1970 um tollskrá o. fl., að láta koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 1974 lækkun tolla á vörum innfluttum frá aðildarríkjum EFTA og EBE, sem bera sérstakan toll í dálki 2 í tollskrá með yfirskriftinni EFTA-tollur og skulu tollar þessir vera sem hér segir:

Núgildandi tollur %	Frá 1. jan. 1974 tollur %
70	60
65	55
55	50
50	40
45	40
40	35
35	30
30	24
25	21
21	18
18	15
14	12
11	9
8	7
7	6
5	3
4	3
2	0

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. janúar 1974.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorsteinn Ólafsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.